



# SNÆFELLSBÆR

*Par sem jökulinn ber við loft...*

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b.t. Hinriks Greipssonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

ANR	17090141	Ábm.	AS
Málað.	11.3.1	Aðrir	GSP
Mótt.	5.12.2017		
Ath.			

Snæfellsbær, 30. nóvember 2017

Tilv. bréfs 29201

Á fundi bæjarráðs Snæfellsbæjar, þann 30. nóvember 2017, var tekið fyrir bréf ráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2017, varðandi umsókn um byggðakvóta fiskveiðíársins 2017/2018.

Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkti samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Snæfellsbæ (Arnarstapa, Hellissandi, Rifi og Ólafsvík), þá verði farið eftir reglugerð Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins frá 3. júlí 2017, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2016/2017.

Þó óskar bæjarráð Snæfellsbæjar eftir því að gerðar verði þrjár breytingar á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta í Snæfellsbæ. Þær eru eftirfarandi:

- 1) Í 1.gr., C lið breytist orðalagið úr „í viðkomandi byggðarlagi“ í „í viðkomandi sveitarfélagi“.
- 2) Í 4.gr., 1.mgr. (6. lína), breytist orðalagið úr „í þorskigildum talið innan viðkomandi byggðarlags“ í „í þorskigildum talið innan viðkomandi sveitarfélags“.
- 3) Í 6.gr., 1.mgr. (1. lína), breytist orðalagið úr „innan blutaðeigandi byggðarlags“ í „innan blutaðeigandi sveitarfélags“.

Rök bæjarráðs Snæfellsbæjar fyrir þessum breytingum er sú staðreynnd að á Arnarstapa og á Hellissandi eru ekki reknað fiskvinnslur og því er ekki hægt að landa afla til vinnslu á þeim stöðum.

Ef ráðuneytið verður við þessum óskum, þá mun byggðakvótinn nýtast innan sveitarfélagsins, en það skiptir miklu máli fyrir Snæfellsbæ að geta nýtt úthlutaðan byggðakvóta.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
f.h. bæjarráðs Snæfellsbæjar

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari